

Samningur um samstarf Landsvirkjunar, Orku náttúrunnar, Þjóðgarðsins á Þingvöllum, Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps vegna vöktunar á vistkerfum Þingvallavatns á grundvelli friðlýsingar þess.

1.gr.

Grundvöllur

Samningur þessi kemur í stað samnings framangreindra samstarfsaðila auk Umhverfisstofnunar frá 2. apríl 2007, en Umhverfisstofnun hefur dregið sig út úr samstarfinu. Með samningi þessum lýsa eftirstandandi samstarfsaðilar yfir vilja til að halda áfram samstarfi um vöktun Þingvallavatns. Við gerð þessa samnings fellur samningur frá 2. apríl 2007 um Samstarf um vöktun á lífríki Þingvallavatns úr gildi.

Fulltrúar ofangreindra samstarfsaðila telja að samlegðaráhrif af þessu samstarfi séu mikil og til hagsbóta fyrir alla aðila. Vöktunin veitir nauðsynlegar upplýsingar um lífríki vatnsins og vatnasviðs þess og er mikilvægur þáttur í verndun Þingvallavatns. Megin markmið er að kortleggja mögulegar breytingar á lífríki vegna hugsanlegra álagspátta eins og t.d. nýtingar vatns, frárennslis, vatnsmiðlunar eða vegagerðar svo eitthvað sé nefnt.

2.gr.

Umsjón

Fulltrúar samstarfsaðila skipa verkefnisstjórn sem hefur yfirumsjón með vöktuninni. Fulltrúi Þjóðgarðsins á Þingvöllum er formaður verkefnisstjórnar og fjárhagslegur umsýsluaðili verkefnisins. Hann skal boða til árlegs fundar þar sem farið er yfir niðurstöður liðins árs og áætlun um áframhaldandi vöktun. Formaður verkefnastjórnar gerir samninga við ráðgjafa samkvæmt samþykkt verkefnastjórnar og innheimtir greiðslur frá samstarfsaðilum.

3.gr.

Verkpættir

Ráðgjafar verkefnistjórnar eru Náttúrufræðistofa Kópavogs og Hafrannsóknastofnun. Ráðgjafar munu á árlegum fundi gera grein fyrir niðurstöðum vöktunar og leggja fram tillögur um framvindu vöktunar ásamt kostnaðaráætlun. Gera skal grein fyrir þeim þáttum sem vaktaðir skulu vera á hverju ári en líta skal til þeirra þátta sem vaktaðir hafa verið síðan 2007 (svifþörungur, svifdýr, hitastig, sýrustig, rafleiðni, næringarefni, aðalefni, snefilefni, TOC og alkalinity). Hægt er að bæta við þáttum ef fjárframlög fást og skal þá horft heildstætt til þeirra vöktunarverkefna sem kunna að vera í gangi hverju sinni. Vöktun felur í sér endurtekna athuganir er hafa þann tilgang að finna breytingar á ástandi lykilþátta í vistkerfinu yfir lengri tíma. Fyrir samstarfsaðila þarf vöktun að leiða eftirfarandi í ljós:

- Mat á ástandi (stöðu/gæðum)
- Áhættumat (álagsmat), þ.e. mat á því sem kann að ögra ástandinu
- Mat á langtímabreytingum á náttúrulegum aðstæðum
- Mat á langtíma breytingum sem rekja má til mannlegrar starfsemi
- Ákvarða umfang og áhrif á mengunaróhöppum
- Mat á hvort vöktunaráætlanir dugi til framtíðar (uppfylli markmið)

4.gr.

Fjármögnun

Verkefnið er fjármagnað með framlögum samstarfsaðila og er ákvörðun um heildarupphæð tekin á árlegum fundi þar sem niðurstöður og framhald rannsókna er kynnt. Aðilar geta sagt sig frá verkefninu fari kostnaður fram úr því sem þeir telji sig geta greitt. Skipting kostnaðar í verkefninu er eftirfarandi:



Landsvirkjun	40%
Orka Náttúrunnar	40%
Þjóðgarðurinn á Þingvöllum	6,67%
Bláskógabyggð	6,67%
Grímsnes- og Grafningshreppur	6,67%

5.gr.

Gögn

Gögn verkefnisins eru í sameiginlegri eigu samstarfaðila og er þeim heimil notkun þeirra. Við birtingu gagna skal þó gera grein fyrir höfundum efnis og annara samstarfsaðila.


6.gr.

Gildistími og ágreiningur


Samningur þessi gildir í fimm ár eftir undirritun eða til ársins 2025, aðilum er heimilt að framlengja samningstímann með samkomulagi þar um. Ákveði einhver aðili að segja sig frá samningnum mega aðrir samstarfaðilar gera samning byggðan á þessum og halda samstarfi áfram. Samningur þessi er gerður í fimm samhljóða eintökum og teljast hvert um sig fullgilt frumrit samningsins. Rísi ágreiningur út af samningi þessum skal málið rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík 10.02.2020


f.h. Landsvirkjunar


Kristín Linda Árnadóttir

f.h. Orku Náttúrunnar


Magnæa Magnúsdóttir

f.h. Þingvallapjóðgarðs



Einar Á.E. Sæmundsen

f.h. Bláskógabyggðar


Ásta Stefánsdóttir



f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps


Ingibjörg Harðardóttir